



**Samþykktir fyrir
Lífeyrissjóð starfsmanna
Akureyrarbæjar**

2012

Nafn sjóðsins og heimili

1. gr.

Nafn sjóðsins er Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

Sjóðurinn er eign bæjarsjóðs Akureyrar og sjóðsfélaga með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum samþykktar þessar.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir. A - deild fyrir sjóðsfélaga sem eiga þriggja ára iðgjaldatíma að baki miðað við fullt starf og hlutfallslega lengri tíma fyrir lægra starfshlutfall og B - deild fyrir þá sjóðsfélaga sem eiga geymd réttindi í sjóðnum sem eru innan við þrjú iðgjaldaár miðað við fullt starf.

Hlutverk sjóðsins

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum er greinir í samþykktum þessum.

Sjóðsfélagar

3. gr.

Sjóðsfélagar eru allir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans 16 ára og eldri sem ráðnir eru hjá þessum aðilum, fyrir 1. janúar 1999, í hálfu starf eða meira í fulla tólf mánuði og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna. Þeir sem greitt hafa til sjóðsins teljast sjóðsfélagar.

Frá og með 1. janúar 1999, verður sjóðnum lokað fyrir nýjum starfsmönnum Akureyrarbæjar sem ráðnir eru til starfa.

Ef sjóðsfélagi hættir störfum tímabundið, án þess þó að formlegum ráðningarsamningi hafi verið slitið, s.s. vegna launalauss leyfis, námsleyfis eða vegna annarra starfa sem veita honum rétt til leyfis frá starfi sínu, þá hefur hann rétt til aðildar að sjóðnum þegar hann kemur til starfa að leyfi loknu.

Ef hann lætur af starfi sínu og iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að sjóðnum.

Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri

4.gr.

- a) Stjórn sjóðsins skipa bæjarstjóri sem er formaður sjóðsstjórnar tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kýs á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðsfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Kili, Stéttarfélagi starfsmanna í almannaþjónustu. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.
- b) Stjórn sjóðsins getur skipað starfsnefnd, sem á vegum hennar fjallar um álitamál, sem upp kunna að koma um viðmiðunarlaun fyrir lífeyri skv. 12., 13., 14., 15., gr. samþykkt sjóðsins. Niðurstöðu starfsnefndar skal leggja fyrir sjóðsstjórn til endanlegrar ákvörðunar. Í nefndinni skulu vera fulltrúar beggja aðila, Akureyrarbæjar og Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannaðjónustu.
- c) Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- d) Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- e) Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.
- f) Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit.
- g) Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- h) Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- i) Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn, og að fengnu samþykki hennar.
- j) Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á

- reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- k) Framkvæmdastjóri skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
 - l) Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins.
 - m) Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
 - n) Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra gilda að öðru leyti sömu reglur og um hæfi stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um að sjá um rekstur sjóðsins eða að sjóðirnir hafi sameiginlegt skrifstofuhald og/eða samstarf um ávöxtun fjármuna. Við gerð slíkra samninga skal þess gætt að rekstrarkostnaði sé skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti milli aðila og í samræmi við samkomulag stjórnna viðkomandi sjóða. Sama á við um skiptingu á ávinningi eða tapi ef um samstarf um ávöxtun fjármuna er að ræða.

Á sama hátt er stjórninni heimilt að gera samninga um rekstur og ávöxtun við banka eða verðbréfafyrirtæki, eða aðra þá aðila er til þess hafa færni og þekkingu.

Stjórn sjóðsins hefur nýtt sér heimild skv. þessari grein og gert rekstrarsamning um rekstur sjóðsins.

Ársreikningar, endurskoðun og tryggingafræðileg athugun

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins lætur semja ársreikninginn. Um endurskoðun og gerð ársreikningsins gilda ákvæði VIII. kafla laga nr. 129/1997 og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða sem settar eru á grundvelli téðra laga. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins, í samræmi við 24. gr. laga nr. 129/1997 og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Athugunin skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998. Leiði rannsókn á sjóðnum í ljós að fjárhagur hans sé ótryggur skal tryggingarfræðingurinn gera tillögur til sjóðsstjórnar um á hvern hátt skuli efla sjóðinn. Athugunin skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu fjármálaeftirlitsins til slíks starfs.

Stjórnarfundir - ársfundir

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Skal hún halda gerðarbók og skrá í hana allar samþykktir sínar og það sem máli skiptir fyrir sjóðinn og sjóðsfélaga. Skyld er að halda fund, innan 7 daga, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar á tímabilinu frá 1. mars til 30. júní. Fundinn skal boða með auglýsingu í útvarpi, dagblaði, eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Allir sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþega sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundum með málfrelsi og tillögurétti. Á ársfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- a) Skýrslu stjórnar
 - b) Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum og tryggingafræðilegri úttekt
 - c) Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
 - d) Stjórnarkjöri sjóðsins lýst
 - e) Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.
 - f) Kynntar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 32. greinar.
 - g) Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
- Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Iðgjöld í A-deild

9. gr.

- a) Iðgjöld eru ákvörðuð með kjarasamningum Akureyrarbæjar og viðkomandi stéttarféлага sem starfa skv. lögum nr. 94/1986 sbr. 3. gr. samþykka þessa.
- b) Sjóðsfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðsfélaga og reiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna.

- c) Sjóðsfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- d) Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 6% af þeim föstu launum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót er sjóðsfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðsfélaga.
- e) Þegar sjóðsfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður nema hann ætli að nota 95 ára regluna sbr. 12. gr. Þó er sjóðsfélaga er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár.
- f) Þegar sjóðsfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins af fullu starfi í 32 ár eða ætlar að nýta 95 ára regluna sbr. 12. gr. og iðgjaldagreiðslur sjóðsfélaga falla niður skv. 3. málsg. 9. gr. og 3. málsg. 12. gr. er þá launagreiðandi hans skylt að greiða 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. málsg. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.
- g) Eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur þeirra og réttindi. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Fjárreiður, ávöxtun og fl.

10. gr.

Akureyrarbær ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingarstefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla laga nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaflokkum. Þar skal

ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna

Eftirlaun í A-deild

12. gr.

- a) Hver sjóðsfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins hefur rétt á lífeyri frá næstu mánaðarmótum eftir að hann verður 70 ára enda er honum þá lögum samkvæmt skylt að láta af störfum. Þó á sjóðfélagi rétt á lífeyri næstu mánaðarmót eftir að hann verður 65 ára enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.
- b) Þegar sjóðsfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár hann orðin 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- c) Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall en ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.
- d) Notfærir sjóðsfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár.
- e) Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, og hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og lægra starfshlutfall.
- f) Upphæð eftirlauna er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðsfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðsfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall.
- g) Fyrir hvert ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðsfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá eftirlaun bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf, en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann öðlast rétt til að fá lífeyri.
- h) Hafi sjóðsfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launudum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
- i) Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða eftirlaunaþegum á aldrinum 65 ára til 67 ára uppbót á eftirlaun allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.

- j) Sjóðfélagi sem á rétt á að greiða til A eða B deildar sjóðsins en kýs að greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga á ekki rétt til töku lífeyris úr sjóðnum á meðan hann gegnir starfi hjá Akureyrarbæ eða stofnunum hans, sem uppfylla aðildarskilyrði að honum.
- k) Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi eftir að hann hefur verið frá því leystur eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun sem starfinu fylgja á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

Lífeyrisiðgjöld af vaktavinnu í A-deild

13. gr.

- a) Vaktavinnufólk það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris örorkulífeyris eða makalífeyris) úr lífeyrissjóðnum enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálaginu til sjóðsins.
- b) Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar þar er á tímabilinu frá kl. 22.00 - 9.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- c) Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.
- d) Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunar-mánaðarlaun þau sem lífeyrinn ákvarðast af og iðgjald er metið eftir. Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig umreikna skuli áunnin lífeyrisrétt fyrri ára.
- e) Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyriréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- f) Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

Örorkulífeyrir í A-deild

14. gr.

- a) Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðalega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd.
- b) Þrátt fyrir örorku á engin rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðsfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- c) Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 12. og 13. gr. Hafi sjóðsfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 12. og 13. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga.

- d) Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi síðast skal þó reikna áunnin lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma.
- e) Sé örorka sjóðfélagsins á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meira greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga.
- f) Þegar öryrki sem er metinn er undir 75% nær 65 ára aldri fær hann greidd eftirlaun samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- g) Skyld er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- h) Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyririnn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir enda hafi öryrkinn á þeim tíma sem örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

Makalífeyrir í A-deild

15. gr.

- a) Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum. Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga.
- b) Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok.

Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátid.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátid
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

- c) Sé makalífeyrir samkvæmt a) og b)-lið lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatryggingina skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum sem eiga rétt á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingum það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundradshlutum þeim sem nefndir eru í a) og b) lið þessarar greinar.
- d) Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðin 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- e) Réttur til lífeyris skv. þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.
- f) Þegar sjóðsfélagi deyr sem verið hefur tvígiftur og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju fellur allur lífeyririnn til hins en skiptist aftur sé því hjónabandi slitið enda veiti síðara hjónabandið ekki rétti til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.
- g) Sama regla gildir ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu meðan samvistum er eigi slitið.
- h) Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka en einstæð móðir hans ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans þó eigi skemur en 5 ár og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðsfélaginn lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinum eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

Frestun töku lífeyris

16.gr.

Nú frestar sjóðsfélagi að taka eftirlaun og tekur jafnframt við öðru starfi hjá bænum eða stofnunum hans er veitir aðgang að sjóðnum lægra launuðu en því er hann gegndi áður og skal þá reikna eftirlaun eftir því starfinu sem hærra er launað.

Sama reglan gildir þegar sjóðsfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því að sjóðsfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Barnalífeyri

17. gr.

Börn og kjörbörn sem sjóðsfélaginn lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullrar 18 ára að aldri enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn og kjörbörn er maður lætur eftir sig er naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldra á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðsfélaga er njóta eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hundradshlutar af hámarksörorkulífeyri. Fósturbörn er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Breytingar á lífeyri, eftir að taka lífeyris hefst

18. gr.

- a) Eftirlaun, makalífeyrir eða örorkulífeyrir skal breytast í samræmi við meðalbreytingar dagvinnulauna hjá opinberum starfsmönnum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands (vísitala = 100 í desember 1996).
- b) Þrátt fyrir ákvæði a)-liðar geta þeir, sem njóta lífeyris frá sjóðnum við gildistöku samþykkt þessara eða hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi sem greitt er af til sjóðsins til þess tíma, eftir gildistöku samþykkt þessara, ákveðið að í stað breytinga skv. a)-lið fylgi lífeyririnn breytingum á þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða upphaflegur lífeyrir þeirra var miðaður við. Val lífeyrisþega við upphaf töku lífeyris skv. þessu ákvæði nær einnig til makalífeyrisréttar. Sama rétt á vali skv. þessari grein eiga þeir sem voru sjóðfélagar við verkaskiptalög milli ríkis og sveitarfélaga 1989 og 1990 skv. lögum nr. 87/1989 og 75/1990 um breytingar á lögum nr. 59/1983 og hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi því sem þeir greiddu af til sjóðsins til 31. janúar 1991.

- c) Lífeyrisþegi sem hefur töku lífeyris eftir gildistöku samþykktu þessara og á rétt á vali skv. b)-lið skal eigi síðar en þremur mánuðum eftir að taka lífeyris hefst, tilkynna sjóðnum hvort um lífeyri hans skuli fara eftir a) eða b)-lið. Berist ekki slík tilkynning skal farið eftir a)-lið. Berist ekki tilkynning eða ef sjóðfélagi velur a)-lið er það val bindandi upp frá því.
- d) Þeir sjóðfélagar sem valið hafa að lífeyrir þeirra fari eftir b)-lið eiga þess kost að velja síðar, að farið verði eftir ákvæðum a)-liðar og það bindandi upp frá því. Sú breyting kemur til framkvæmda einu ári eftir að hennar var óskað með skriflegum hætti. Breytingar skv. a)-lið skulu þá miðaðar við lífeyri sjóðfélagsins eins og hann var í mánuðinum á undan breytingunni, eins og hann var þá ákveðinn skv. b)-lið.
- e) Þeir sjóðfélagar sem njóta lífeyris við gildistöku samþykktu þessara skulu fyrir 1. janúar 2001 ákveða hvort lífeyrir þeirra skuli miðast við a)-lið eða b)-lið. Kjósi þeir að miða lífeyrinn við a)-lið er það val bindandi upp frá því.
- f) Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri skv. b)-lið lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra, sem haft hafa viðmiðun við það, upp frá því fara eftir a)-lið.

Lífeyrisiðgjöld og ýmis tilvik.

19. gr.

Nú lætur sjóðsfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins.

Hafi sjóðsfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 3 ár eða lengur fellur réttur til elli- örorku- og makalífeyris ekki niður þótt hann hverfi úr sjóðnum en miðast við áunnin lífeyrisréttindi þó með þeirri breytingu að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættu ½% af launum fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðsla lauk sbr. 2.mgr. a-liðar 15. greinar.

Hafi iðgjöld verið greidd í skemmri tíma en 3 ár flytjast þau til B-deildar sjóðsins geymast þar og veita rétt í samræmi við reglur þeirrar deildar.

Sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki er staða hans var í er hún var niðurlögð. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

20 gr.

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

21.gr.

Greiðslur úr sjóðnum skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Inn á bankareikning sem sjóðsfélagi tilgreinir.

22.gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak.

23.gr.

Sjóðsfélagar sem fengið hafa lífeyri úr sjóðnum fyrir 1. janúar 1964 skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar frá gildistöku hennar.

Viðbótarframlög stofnana

24.gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum eftirlaunum örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna sbr. 12.,13.,14. og 15. gr. og endurgreiðir þá bæjarsjóður, viðkomandi stofnanir bæjarins og aðrir þeir launagreiðendur sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum til sjóðsins.

Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðanda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunnin réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinnslu hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan þriggja ára, áður en taka lífeyris hefst, verði gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðsfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

B - deild

25.gr.

Auk aðalsjóðsins sem ákvæði 1. - 24. gr. samþykktu þessara gilda um, skal verða sérstök deild er nefnist B-deild fyrir þá starfsmenn, Akureyrarbæjar og stofnana hans, 16 ára og eldri sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna en eiga ekki aðild að sjóðnum samkvæmt 3. gr. og ráðnir eru fyrir 1. janúar 1999.

Í B-deild geta ennfremur verið þeir sjóðsfélagar A-deildar sem hafið hafa töku eftirlauna og lokið réttindavinnslu þar en halda áfram starfi hjá bænum. Ennfremur eiga aðild að B-deild þeir sjóðsfélagar sem látið hafa af starfi en greitt iðgjöld til A-deildar skemmri tíma en 3 ár (sbr. 19.gr.) A- og B-deild hans skulu hafa sameiginlegan fjárhag.

Pegar komið er að töku lífeyris er heimilt að flytja geymd iðgjaldabrot ásamt fullum verðbótum til þess sjóðs sem sjóðsfélaginn greiddi síðast til eða þess sjóðs sem greiðir út þau réttindi sem sjóðsfélaginn á rétt til. Einnig er heimilt að flytja til B- deildar sjóðsins þau iðgjaldabrot sem sjóðsfélagi á í öðrum sjóðum og veita ekki sjálfstæð réttindi þar, skv. samskiptareglum Landsamtaka lífeyrissjóða.

Iðgjöld starfsmanna skulu vera 4% af föstum mánaðarlaunum en vinnuveitandi greiði 6%. Um lífeyrisréttindi er iðgjaldagreiðslur þessar veita fer skv. ákvæðum greina 26-30. í samþykktum þessum.

Grundvöllur lífeyrisréttinda í B-deild

26. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga í B-deild hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans í B-deild samkv. greinum 27-30. í samþykktum þessum. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084,- og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem að ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutadeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 3.mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka eða örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára, þó skal aldrei miðað við færri stig en áunnin eru. Ekki skal reikna stig eftir lok þess

mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri. Iðgjöld sem berast af sjóðfélaga sem náð hefur 70 ára aldri skulu endurgreidd.

Ellilífeyrir í B-deild

27. gr.

- a) Hver sjóðfélagi í B-deild sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr B-deildinni. Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hver mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda. sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér margfölduðum með 1,65.
- b) Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku lífeyris áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri, skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 67 ára aldur er taka hans hefst. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í a) lið þessarar greinar um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.
- c) Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

Örorkulífeyrir í B-deild

28. gr.

- a) Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. c) lið þessarar greinar og greitt hefur til B-deildar sjóðsins í samtals tvö ár, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- b) Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki er sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 30. grein vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- c) Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingalæknis. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundradshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagens til að gegna almennum störfum.
- d) Heimilt er, að fengnu álit trúnaðarlæknis eða tryggingalæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

- e) Þegar skilyrði a) liðar og þessa liðar í þessari grein eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn rétt skv. 27. grein að viðbættum lífeyri er svara til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér til 67 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt j) lið þessarar greinar margfölduðum með 1,65 enda hafi sjóðfélagi:
- i) Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér a.m.k. 0,5 stig hvert þessara 3ja ára.
 - ii) Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
 - iii) Ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.
- f) Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- g) Hafi sjóðfélaginn skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- h) Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en 6 mánuðum frá því að hann hefur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðsins.
- i) Verði sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í i)-lið e)-liðar þessarar greinar er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.
- j) Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. e) lið á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksár fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- k) Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.
- l) Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur sem nemur hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef

stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

- m) Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við skv. j) og k) lið þessarar greinar meira en fjórum stigum skal reikna með meðaltalinu allt að tíu árum, en síðan skal til 67 ára aldurs, reiknað með fjórum stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- n) Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðnum fram að orkutapi.
- o) Örorkulífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó a) lið þessarar greinar.
- p) Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í 3 mánuði eða lengri tíma.
- q) Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- r) Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyririnn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi sem veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- s) Örorkan fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundradshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

Makalífeyrir í B-deild

29. gr.

- a) Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr B-deild sjóðsins eða greitt hafði iðgjald til hennar a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjúskapur staðið a.m.k. í 5 ár og til hans stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.
- b) Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans ef trúnaðarlæknir eða tryggingalæknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku meðan það ástand varir.

- c) Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a-liðar þessarar greinar um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.
- d) Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði b) og c) liðar þessarar greinar.
- e) Upphæð makalífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur og og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,825.
- f) Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hafi áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað í samræmi við ákvæði j) liðar 28. greinar en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- g) Maki sjóðfélaga samkvæmt þessari grein telst sá, eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru í samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabíl fyrir andlát hans.

Barnalífeyrir í B-deild

30. gr.

- a) Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris við andlátið og eiga þá börn hans eða kjörbörn, sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 19 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 19 ára aldurs.
- b) Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- c) Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er kr. 7.500,- m.v. grunnvísitölu 173,5 stig með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við e) og f) lið 29. greinar eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5 stig.
- d) Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir í samræmi við a) lið 29. greinar vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap, eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. c) lið þessarar greinar með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er kr. 5.500,- m.v. grunnvísitölu 173,5 stig. Sé örorka skv. 29. grein metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- e) Fósturbörn og stjúpborn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur B-deildar sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- f) Barnalífeyrir greiðist til framfæranda barns.

Málsmeðferð og gerðardómur.

31. gr.

Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirlitinu. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um sanningsbundna gerðardóma.

Breyting á samþykktum

32. gr.

Breytingar á samþykktum skal taka fyrir á ársfundi sjóðsins og taka þær því aðeins gildi að þær hljóti samþykki 2/3 hluta fundarmanna og séu auk þess samþykktar af bæjarstjórn Akureyrar og stjórn Kjalar, Stéttarfélags starfsmanna í almannapjónustu. Breytinga á samþykktum skal geta í fundarboði ársfundar. Sjóðfélagar sem óska eftir því að tillögur um breytingar á samþykktum verði teknar fyrir á ársfundi skulu senda stjórn tillögur sínar fyrir lok febrúarmánaðar. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingu á fjárfestingarstefnu sjóðsins, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Tillögur um breytingar á samþykktum skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í a.m.k. viku fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi. Breytingar á samþykktum öðlast ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar að fjármálaráðherra í samræmi við 28. gr. laga nr. 129/1997.

Eftirlit.

33. gr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.

Gildistaka

34. gr.

Sjóðurinn var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og tók til starfa 1. janúar 1942.

Samþykktir þessar gilda frá þeim tíma er þær hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis.

Samþykkt á ársfundi sjóðsins 16. maí 2012